

Til Skipulags og – byggingadeildar sveitarfélagsins Árborgar

Varðar: Tryggvagötu 36 deiluskipulag

Undirrituð er eigandi neðri hæðar Tryggvagötu 32. Einhverra hluta vegna fékk ég ekki grenndarkynningargögn til mín vegna deiluskipulags fyrir lóðina að Tryggvagötu 36. Þar er gert ráð fyrir byggingu fjölbýlishúss í næsta nágrenni við fasteign mína. Í gögnum eru skilgreindir byggingareitir og hæðir húsa, hámarksbyggingarmagn, svæði undir bílastæði á lóð og nýr göngustígur sem liggur með fram lóðinni.

Í munnlegum samtölum við starfsmenn byggingafulltrúa eftir sölu lóðarinnar var mér tilkynnt að ekki yrði byggt stærra húsnæði á þessari lóð en parhús eða raðhús sem myndi falla vel inn í umhverfið. Nágranni minn fékk svipuð svör í sumar og var hvattur til að vera alveg rólegur yfir fyrirhuguðum byggingum á þessum reit því þarna færi ekki stórhýsi á lóðina. Þessi orð starfsmanna sveitarfélagsins eru því að engu. Það kemur því okkur íbúum í opna skjöldu að þarna skuli rísa þriggja hæða blokk.

Í mínum huga er þetta vanvirðing við okkur íbúana í nærliggjandi húsum og lýti á götumynd í jafn grónu hverfi og þessi lóð tilheyrir. Þessi tillaga gengur þvert gegn öllum forsendum og loforðum og mun bygging sem þessi skyggja verulega á nærliggjandi lóðir og skerða útsýni, birtu og friðhelgi einkalífs okkar sem hér búum. Bílastæði eru til að mynda sett upp við svefnherbergisglugga nágranna míns með tilheyrandi ónæði.

Ég legg því til að sveitarfélagið endurskoði þessar tillögur með heildarmynd hverfisins í huga og standi við gefin loforð, stilli byggingarmagni í hóf og tryggi að byggð valdi ekki verulegri skerðingu á birtu nærliggjandi lóða. Þetta er farið að minna á „græna gímaldið“ miðað við staðsetningu hússins og byggingarmagn þess. Við nágrannar höfum margir áhyggjur af virði okkar eigna ef þessi áform ná fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Henný Árnadóttir,
Tryggvagata 32, neðri hæð.